



2. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2024/2025 haldinn miðvikudaginn 7. ágúst 2024 á Teams

Fundinn sátu: Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir. Jens Guðmundur Hjörleifsson og Ragna Kemp Haraldsdóttir, boðuðu forföll. Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 5. júní 2024.
2. Fundartími stjórnar.
3. Kjaramál.
4. Samráðsnefnd Fh og HÍ, dags. 14. júní sl.
5. Af vettvangi BHM.
6. Erindi frá Pétri Henry, tp. dags. 15. maí sl.

1. Fundargerð 5. júní 2024

Fundargerðin var samþykkt.

2. Fundartími stjórnar

Ákveðið var með fyrirvara, þar sem tveir stjórnarmenn höfðu boðað forföll, að reglulegir fundir stjórnar Fh verði haldnir í hádegi fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.

3. Kjaramál

Baldvin sagði frá stöðunni. Haldnir hafa verið fundir með SNR bæði sameiginlega með BHM13 og sérstaklega með samninganefndum háskólafélaganna þriggja. SNR er mjög skýrt í afstöðu sinni að þeim er mjög þröngur stakkur settur og geti því ekki samið umfram þá samninga sem gerðir hafa verið á almenna markaðinum, eða svokallað „merki markaðarins“.

Viska og Ljósmeðrafélag Íslands eru og er einu BHM félögin sem nú þegar hafa samið við ríkið. Í þeim samningum var m.a. samið um launatöflu sem er sameiginleg öðrum BHM félögum fyrir utan Fh, FPR, FHA og FÍN. Það getur því verið erfitt fyrir þau félög að semja um aðra launatöflu, en nú liggur fyrir. FH, FPR og FHA eru með sér launatöflu og fengu sendar hugmyndir að breytingu þeirra frá SNR í júlí sl. sem er í anda þess sem merki markaðarins segir. Félögin eru að máta þær hækkanir og munu svara þeim að loknu sumarleyfi í ágúst, þegar að viðræður hefjast að nýju.

Þá hefur SNR einnig lýst því yfir að ekki verið samið um sérstaka „potta“ sem gætu gefið félögunum tækifæri á að semja sérstaklega um breytingar í stofnanasamningum. Fulltrúi HVÍN, Áslaug Helgadóttir,

sem situr í SNR með háskólafélögunum hefur þó átt í viðræðum við ráðuneytin vegna stöðunnar og hvort hægt verði að gera sérstaka bókun um fjármögun háskólanna vegna breytinga á reiknilíkani háskólanna. Það gæti orðið ákveðin opnun á breytingar í stofnanasamningum. Ekkert liggur þó fyrir á þessari stundu. Boðað verður til fundar með rektorum HÍ og HA ásamt formönnum félaganna þriggja á næstu dögum, vegna málsins.

Baldvin fór lauslega yfir þær breytingar sem felast í nýjum kjarasamningi Visku.

Íris D. sagðist hafa lesið vel yfir samninginn. Hún vakti athygi á því að aðeins 30% félagsmenna Visku tóku þátt um kosningu samningsins og af þeim voru um 80% sem samþykktu hann. Því er ekki með góðu móti hægt að sjá að félagsfólk almennt væri til í verkfallsaðgerðir á þessum tímapunkti.

4. Samráðsefnd Fh og HÍ, dags. 14. júní sl.

Baldvin sagði frá tveimur fundum sem haldnir voru í samráðsnefnd Fh og HÍ annars vegar og hins vegar sameiginleg samráðsnefnd Fh, FPR og HÍ.

Fyrri fundurinn var hefðbundinn samráðsnefndarfundur þar sem félagið lagði fram dagskrárliði. Þeir voru m.a. veikindaréttur styrkþega, umbun fyrir að vinna með skaðvalda sem enn hefur ekki verið gengið frá, HERA, samgöngustyrkir, breytingu á verklagsreglum um námsleyfi, starfsreynsla aðjúnta og fleiri atriðum sem frestað var til næsta fundar.

Það er skemmst frá því að segja að fulltrúar HÍ voru ekki jákvæðir við erindum félagsins og ljóst að túlkun skólans á veikindarétti styrkþega hefur breytst. Þá stendur ekki til að breyta samgöngustyrkum og verklagsreglum námsleyfa verða þrengdar. Fulltrúar HÍ upplýstu um gang í vinnu við HERU og skaðvaldanna. Fulltrúar félagsins létu í ljós óánægju með viðhorf skólans.

Íris D. spurði hvort ekki væri kominn tími til að breyta anda þessara funda. Til dæmis væri hægt að upplýsa félagsmenn reglulega um umræðuefni fundanna og niðurstöður. Málið rætt og stjórnarfólk tók vel í þessa hugmynd.

Félagið og FPR hafði óskað eftir sameiginlegum fundi í samráðsnefnd til að kynna kröfugerð félaganna. Það var góður fundur og fulltrúar HÍ sýndu félögunum skilning á stöðunni og lýstu sig reiðubúin að koma að þeirri vinnu, ef opnað verði á það.

5. Af vettvangi BHM

Baldvin sagði frá umræðum í formannaráði BHM um félagsaðild.

6. Erindi frá Pétri Henry

Málinu frestað til næsta fundar.

Önnur mál:

ÍD leggur til að stjórn hittist og geri sér glaðan dag. Hún mun senda tillögur til stjórnarmanna að dagsetningum.

Fundi lauk 13:10

Næsti fundur verður haldinn 4. sept. nk.